# AÐGERÐAÁÆTLUN VEGNA LOKUNAR GÝMIS

a) Allri móttöku á sláturúrgangi og öðrum lyktarsterkum úrgangi til förgunar í Gými verður strax hætt.

b) Yfir Gými verður sett yfirlag úr greinakurli og mold ( sambærilegt og sett er yfir urðunarreinar ) til að ná á stuttum tíma að drepa lyktarmengun. Árangur af þessari aðgerð á að skila sér á innan við 6 mánuðum. Lyktarmengun úr Gýmiá því að vera horfin að mestu á árinu 2020 og að öllu leyti á fyrri hluta árs 2021.

c) Settur verður upp tækjabúnaður til móttöku og vinnslu á sláturúrgangi og öðrum þeim úrgangi sem farið hefur í Gými og mögulegt er að jarðgera í GAJA. Stefnt er að því að þessi lausn verði tilbúin í árslok 2020.

d) Lokað verður fyrir móttöku í Álfsnesi á lyktarsterkum úrgangi sem ekki er vinnsluhæfur í GAJA og aðrar tímabundnar lausnir fundnar vegna þess úrgangs þar til lausn sbr. c) lið er tilbúin.

Ákvæði til bráðabirgða:
Frá lokun Gýmis í maí 2020 hefur sláturúrgangur og lyktarsterkur úrgangur frá fráveitukerfum verði urðaður í sérstöku rými í rein 20 og urðað yfir hann jafnóðum. Nauðsynlegt er að þessi leið verði notuð þar til lausn skv. c ) er tilbúin og fundinn hefur verið farvegur fyrir þann hluta þessa úrgangs sem ekki fellur undir skilgreiningu c) liðar. Gert er ráð fyrir að lausn vegna beggja þátta verði að fullu komin í gagnið í lok árs 2020